



{ HGL2A05 – Hreyfigrafík í leiklist }

Námsáætlun, haustönn 2024

Kennari/kennarar:

Guðmundur Elías Knudsen

Netfang/netföng:

Gudmundur.knudsen@borgo.is

Lýsing:

Námskeiðslýsing samkvæmt námskrá. Nemendur fá grunnþekkingu í lögmálum dansins, hreyfingar og líkamlegrar tjáningar sem nýtast fyrir listsköpun leikarans. Áhersla er lögð á einlægni og trúverðugleika í skapandi vinnu þar sem ímyndunaraflið er virkjað. Nemendum er kynnt hið daglega látbragð mannsins og hvernig líkamstjáning er notuð í kvikmyndum og öðrum miðlum. Unnið er út frá eigin persónu í spunavinnu þar sem áhersla er lögð á þekkingu á eigin líkama og hreyfigetu. Nemendur vinna undir stjórn kennara að hreyfi- og spunaverki sem sýnt er í lok annar.

Kennsluaðferðir:

Verkleg kennsla - nemendur vinna að verkefnum í tímum

Fyrirlestrar - óformlegir fyrirlestrar þar sem spurningum er svarað jafnóðum

Leitarnám - nemendur leita upplýsinga og deila niðurstöðum með félögum sínum

Umræður - nemendur ræða um aðferðir og heimildaöflun sína

Þekking, leikni, hæfni:

Nemandi á að hafa öðlast þekkingu á þeim grunnþáttum sem einkenna líkamlega tjáningu, skilning á þeim aga sem einkennir árangur í starfi leikara, þekkingu á spunavinnu og virkjun ímyndunaraflsins, skilning á líkamstjáningu í daglegu látbragði og þekkingu á eigin líkama og hreyfigetu.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sameina leik, söng/texta og hreyfinga á sviði og gera það af öryggi
- vinna út frá eigin persónu í spunavinnu
- öðlast dýpri skilning á eigin líkama og getu

taka þátt í sviðsetningu og stuðla að góðri samvinnu og samskiptum

Námsmat:

Kennari metur nemendur út frá virkni í tímum, með umræðum, skapandi vinnu og gæðum í samvinnu

Sýning 50% - vinna í tímum 10% - kennaramat 10% - sjálfsmat 15% - Vinnubók 15%

{Sundurliðað, tímasetningar í töflu á baksíðu}

Námsgögn: Ekki mæta í gallabuxum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	19.-23. ágúst	Kynning á áfanga – Hópefli	
2	26.-30. ágúst	Hópefli - Hópefli	
3	2.-6. sept.	Þemi ákveðinn – Skipting í hópa	
4	9.-13.sept.	Hugmynda vinna – hugmynda vinna	
5	16.-20.sept	Vörðu vika gæti raskast til – Sama	Vörðuvika I
6	23.-27. sept.	Vinna í atriðum – Vinna í atriðum	
7	30.sept.- 4. okt.	Vinna í atriðum – vinna í atriðum	
8	7.-11. okt.	Vinna í atriðum – Hópatriði	
9	14.-18. okt.	Atriði - hópatriði	
10	21.-23. okt.		Hausthlé
11	29. okt.-1. nóv.	Atriði - atriði	
12	4.-8. nóv.	Vörðu vika gæti eitthvað raskast - hópatriði	Vörðuvika II.
13	11.-15. nóv.	Vinna í atriðum – Vinna í atriðum	
14	18.-22. nóv.	Vinna í atriðum – Renna sýningu	
15	25.-29. nóv	Samantekt – Samantekt. (Möguleg sýning)	
16	2.-6. des.	Samantekt – Samantekt. (Möguleg sýning)	
17	9.-12. des	Samantekt – Samantekt. (Möguleg sýning)	Síðasti kennsludagur

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.